

SAMTÖK KVIKMYNDALEIKSTJÓRA

LÖG

Nafn samtakanna er “Samtök Kvikmyndaleikstjóra”. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

1. gr.

Tilgangur samtakanna er:

1. Standa vörð um höfundarrétt kvikmyndaleikstjóra (kvikmyndahöfunda) sem starfa sem kvikmynda- og leikhúslistamenn og gæta hagsmuna þeirra gagnvart opinberum aðilum.
2. Samtökin skulu semja fyrir hönd félaga sinna um sameiginlega hagsmuni félaganna og um endurgjald fyrir notkun á verkum þeirra þar sem þar á við. Samtökunum er heimilt að sækja um lögformlega viðurkenningu ráðherra á samningsumboði sínu.
3. Verja listrænt og fjárhagslegt frelsi kvikmyndaleikstjóra.
4. Bæta aðstöðu kvikmyndaleikstjóra til skapandi kvikmyndagerðar og efla hlutverk leikstjórans sem höfundar.
5. Að gerast aðili að norrænum og alþjóðlegum samtökum kvikmyndaleikstjóra
6. Stuðla að aukinni menntun og fræðslu um kvikmyndir fyrir leikstjóra, og aðra.
7. Efla íslenska kvikmyndagerð.
8. Innheimta höfundaréttargjöld og framkvæma ráðstafanir sem að því lúta, m.a. málsóknir til að gæta þessara hagsmuna.

2. gr.

Félagar geta orðið þeir kvikmyndaleikstjórar og kvikmyndastjórar sem vinna óumdeilanlega sem kvikmyndahöfundar og uppfylla að minnsta kosti eitt eftirtalinna skilyrða,

-hafa leikstýrt og stjórnað a.m.k. tveimur leiknum kvikmyndum, samanlagður sýningartími ekki minni en 60 mín.

-hafa leikstýrt og stjórnað einni leikinni mynd í fullri lengd

-hafa stjórnað og eiga höfundarrétt að tveimur skapandi heimildarmyndum, samanlagður sýningartími ekki minni en 60 mín.

-hafa leikstýrt og stjórnað einni leikinni mynd og einni skapandi heimildarmynd, samanlagður sýningartími ekki minni en 60 mín.

Myndirnar skulu gerðar á Íslandi og hafa verið sýndar opinberlega í kvikmyndahúsum eða sjónvarpi hér á landi. Skólamyndir skulu að jafnaði ekki gilda til umsóknar. Stjórn skilgreinir hvað telst skapandi heimildarmynd í hverju tilviki.

3. gr.

.....

4. gr.

Umsóknir um aðild skulu hafa borist fyrir 1. des. og með meðmælum a.m.k. þriggja félaga. Stjórn úrskurðar hvort umsókn uppfylli formleg inntökuskilyrði. Umsóknir skulu nafngreindar í aðalfundarboði. Umsóknir skulu lagðar fram á aðalfundi til samþykktar eða synjunar. Félagar geta sagt sig úr samtökunum skriflega.

5. gr.

Brjótí félagsmaður í verulegum atriðum gegn lögum samtakanna eða lögmætum samþykktum þeirra er heimilt að vísa honum úr samtökunum með samþykki stjórnar og meirihluta félaga á félagsfundi sem skal boða til með sama hætti og aðalfundar.

6. gr.

Árgjald er ákveðið á aðalfundi. Gjaldtagi er 1. maí. Inntökugjald skal nema tvöföldu árgjaldi. Aðeins skuldlausir félagar hafa atkvæðisrétt á aðalfundi

7. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum þeirra og er haldinn milli jóla og nýárs ár hvert. Aðalfundur skal boða bréflaga með 14 daga fyrirvara. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins.

8. gr.

Á aðalfundi hefur hver félagi eitt atkvæði.

9. gr.

Dagskrá aðalfundar er:

1. Skýrsla formanns.
2. Inntaka nýrra félaga.
3. Skráning höfundarverka í gerðarbók.
4. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar (sem birta skal í fundarboði).

6. Kosning stjórnar og endurskoðenda.

7. Önnur mál.

Framhaldsaðalfund skal halda í síðasta lagi mánuði eftir aðalfund, ef ósk kemur fram um það á aðalfundi frá a.m.k. fimm félögum.

10. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Félagi getur afhent öðrum félaga atkvæði sitt með skriflegu umboði hafi hann til þess gildar ástæður. Gildar ástæður teljast kvikmyndaupptaka, veikindi (vottorð læknis) eða dvöl erlendis.

11. gr.

Stjórn Samtaka kvikmyndaleikstjóra skipa fimm menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórn er kosin á aðalfundi í þessari röð: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Formaður má ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í röð. Hjóti tveir menn jafna atkvæðatölu í kosningum skal varpa hlutkesti milli þeirra.

Gangi einhver stjórnarmanna úr stjórn áður en kjörtímabili er lokið skal stjórn kalla saman aukaðalfund þar sem kjörinn skal nýr maður í embætti þess stjórnarmanns sem gekk úr stjórn.

Félagsstjórn er ákvörðunarþær þegar meirihluti stjórnarmanna situr fund, þar af annað hvort formaður eða varaformaður. Mikilvægar ákvarðanir skal þó eigi taka nema allir stjórnarmanna hafi haft tækifæri til að kynna sér þær, sé þess nokkur kostur.

Aðalfundur kýs tvo endurskoðendur og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi.

12. gr.

Aðildarrétt að Samtökunum fá félagar með verkum sínum. Skrá yfir verk hvers og eins skal samþykkt á aðalfundi Samtakanna og færð í gerðarbók. Skal þar lengd verksins í mínútum tilgreind.

13. gr.

Við slit Samtakanna skal fjármunum þeirra skipt milli aðildarfélaga miðað við uppgjör löggilts endurskoðanda þeirra. Einum þriðja eigna Samtakanna skal skipt jafnt milli aðildarfélaga Samtakanna og tveimur þriðju í hlutfalli við mínútufjölda kvikmynda hvers aðildarfélaga samkvæmt gerðarbók Samtakanna.

14. gr.

Til að breyta lögum samtakanna eða leggja þau niður þarf aukinn meirihluta atkvæða félagsmanna (2/3).

Ákvæði til bráðabirgða

Félögum sem á aðalfundi 9. janúar 2004 eru skráðir í deild handritshöfunda er heimild áframhaldandi aðild að samtökunum án atkvæðisréttar.

Þannig samþykkt á stofnfundi Samtaka kvikmyndaleikstjóra 11. okt. 1989 og breytt á aðalfundum 27. desember 1994, 28. desember 1992, 13. janúar 1996, 29. desember 1998 og 9. janúar 2004.